

1858.

15. apríl.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmanosins í norður- og austur-umdæminu, um fjárkláðann.

Af skýrslu yðvarri, herra amtmaðr, dagsettri 6. febrúar í vetur, um ráðstafanir yðrar til að stöðva fjárkláðann í Húnavatns sýslu, hefir dómsmálastjórnin séð meðal annars, að þér ætlið að sýkin sé af sóttnæmi komin þángað í sýslu sunnan úr Borgarfirði, að þér hafið í hyggju að stemma nú stigu fyrir sýkinni með rækilegum niðurskurði, og að þér hafið þegar framkvæmt þessa fyrirætlun yðra að nokkru leyti, með því að yður hefir þótt þörf á að skipa þegar niðurskurð alls sauðfjár í sveitum þeim, er sýkin var mest, en alls geldfjár í Húnavatnsþingi vestan Blöndu. Ráða má og af skýrslum þeim, er vèr höfum fengið, að Norðlendingar hafi hingað til verið almennt fastir á að reyna til að útrýma sýkinni með rækilegum niðurskurði, og að í Norðurlandi sé nú sem stendur hvorki læknað né lækni-dómar til að lækna sýki þessa, og að því vanti allt sem við þarf, ef hugsa ætti til að stöðva sýkina með lækningum að nokkru gagni.

Nú þótt dómsmálastjórninni þyki eigi, að svo vöxnu máli, næg ástæða til að skerast hér í leikinn um ráðstafanir þær, er þér, herra amtmaður, hafið gjöra látið með ráði amtsbúa yðvarra, að minnsta kosti fyrr en vèr sjáum afleiðingarnar, þá hljótum vèr þó að segja yður, að dómsmálastjórnin getur eigi verið yður samdóma í því að sýkin sé ólæknandi, nè heldr í því, að sýkin sé fyrir sakir sóttnæmis komin í Norðurland af ánni úr Borgarfirði, sem þér gátuð um í bréfi yðru að gágnamennu úr Víðidal hefði fundið fram á heidi um haustið og skorið þegar í stað, en sýkin hafi þó eigi komið upp fyrr en um jól; því það er hvorttveggja, að allir lækningafróðir menn, er fengizt hafa við sýkina, hafa alla tíð verið á því að sýkin væri innlend landfarsótt, er kviknað hefði og þroskatz í landinu, og í öðru lagi má það virðast með öllu vafalaust, að sýkin sé læknandi, ef rétt lyf eru við höfð af þeim mönnum, er vit hafa á með að fara. Þess var þegar getið, að það hafi verið eindregið álit allra lækningafróðra manna á Íslandi, að sýkin

1858.
15. apríl.

væri læknanði; sama álit hafði dýralækningaráðið, þá er það var spurt um málið, hið sama votta og skýrslur þær, er vör nú höfum fengið að sunnan, er sýna, að nú á síðari tímum hafi tekizt þar vel með lækningarnar. Fyrir því hlýtur dómsmálastjórnin, ef svo kynni fara, sem hætt er við, að ráðstafanir þær reynist ónógar, er hingatil til hafa verið gjörðar í Húnavatns sýslu til að varna sýkinni að flytjast þaðan í önnur heruð, og þá einkum út fyrir sýsluna, að álíta það ótiltækilegt, að haldið sé fram jafnumiklum niðurskurði, sem hingatil hefir gjört verið, því að á þann hátt gæti svo farið að lyktum, að gjör-eytt yrði öllum sauðfænaði í amtinu. Vör verðum því að biðja yður, herra amtmaður, að hvetja landsbúa mikilega til að hugsa það mál sem vandlegast, hvort eigi mundi réttara að láta af niðurskurði, en taka upp lækningar, þá er þeir hafa fækkað sauðfæ sínu svo, að mátulega margt sé eptir orðið, því það mun þó nauðsynlegt, hvað sem öðru líður. Nú ef lækningar yrði uppteknar, þá væri næsta áriðanda, að beðið yrði svo snemma um lækna og læknisdóma, að hvorttveggja gæti komið út nú í sumar; þá mundi og vel til fallið, að baða sauðfæ nú þegar í vor, svo sem lækna hafa fyrir sagt. Þá mundi að líkindum réttast, að fenginn yrði einhverr dýralækna, sem nú eru fyrir sunnan, til að fara þegar í stað norður, til þess að kenna landsmönnum rétta meðferð læknisdómanna og lækning sýkinnar. Að líkindum munu læknisdómar þeir og baðlyf, er við þarf fyrst um sinn, fást í lyfjabúðinni í Reykjavík; en annars er dómsmálastjórnin fús á að rétta því sína hjálparhönd, að fengizt geti hëðan sem fyrst nægilegur læknastrykur og læknisdómur. Nú er dómsmálastjórnin felur yður, herra amtmaður, málefni þetta á hendur til góðrar fyrirbyggju, þá fáum vör eigi bundizt orða þeirra, að þótt vör engan veginn viljum virða of lítills ötulleik þann, er þér hafid lýst í máli þessu, þá er oss þó harðla ógeðfeld og mótfallin sú framferð yðar gegn lækna-tilraunum, þeim er gjörðar hafa verið á Suðurlandi að tilhlutun stjórnarinnar, er tvö bréf frá yður til greifa Trampe stiptamt-
manns, dagsett 4. janúar og 5. febrúar í vetur, bera vott um. Dómsmálastjórninni þykir aðferð þessi eigi að eins fremur óvið-

1858.
15. apríl. urkvæmileg, heldur og næsta háskasamleg fyrir málefnið, því hún æsir amtsbúa upp hvora á móti öðrum, í stað þess er yfirvöldin ætti að leitast við að vinna sambuga að sama tilgangi, og hvort færa sèr í nyt reynslu annars, sem er ávöxtur af margbreyttum tilraunum: bæði af niðurskurði og lækningum. Að lyktum skulum vèr geta þess, að þar sem þèr, herra amtmaður, hafð mælt til þess í bréfi yðru, er fyrr er getið, að stiptamtmanni og amtmanni fyrir vestan væri boðið, hvorum í sínu nafni, að stuðla til þess að vori komanda, sem framast verða má, að geldfè að sunnan og vestan komi eigi saman við norðanfè á afréttunum, þá höfum vèr fengið þá vísbending frá stiptamtmanni, að hann ætli að banna amtsbúum sínum að reka fè á fjall í sumar, og skipa mönnum að geyma sauðfènað sínu heima, á sínu landi hverr. Dómsmálastjórnin hefir nú fallt á þessa fyrirætlun stiptamtmanns, og í dag hefir hún sent Melsted amtmanni tilmæli yður, og lagt á við hann að láta að þeim; svo hefir hún og sagt honum frá, hvernig verða muni farið að í suðurumdæminu í þessu máli. Vèr vonum eptir, að fá hið fyrsta, og annars svo opt sem verður, skýrslu frá yður um heilbrigði fjárins fyrir norðan og um ráð þau, er upp verða tekin, til að rýma út sýkinni.

6. maí.

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skilning 8. greinar í verzlunarlögunum 5. apríl 1854.

Utanríkisstjórnin hefir ritað oss 10. f. m., fyrir því að aðalverzlunarfulltrúinn í Hull og verzlunarfulltrúinn í Niðarósi hafði spurt hana um rétta skilning 8. greinar í lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, og beðið oss að skýra fyrir sèr, hvort greiða skuli af dönskum skipum, þeim er fara úr utanríkishöfnum til Íslands, 6 skildinga gjald fyrir staðfesting á vöruskrá og heilbrigðiskýrteini, sem sagt er í sömu grein að heimta megi af utanríkisskipum.